um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Til nefndarinnar hefur verið vísað tveim frumvörpum um sölu jarða, en þau eru:

1) Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Hanahól í Norður-Ísafjarðarsýslu (66. mál).

2) Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu (78. mál), komið frá efri deild.

Enn fremur hefur nefndin haft til meðferðar brtt. á þskj. 358, sem felur í sér heimild til sölu á jörðunum Betaníu, Mosvöllum og Selárdal í Vestur-Ísafjarðarsýslu, — svo og erindi, er henni hafa borizt um sölu Hrafnkelsstaða í Eyrarsveit og hluta af Þingey í Skjálfandafljóti.

Nefndin hefur fengið umsögn hlutaðeigandi ráðuneytis og landnámsstjóra um þessi jarðasölumál, eftir því sem efni stóðu til, og umsögn biskups um sum þeirra. Hafa henni og borizt erindi frá ýmsum, er hér telja sig eiga hlut að máli.

Að athuguðu máli telur nefndin ekki ástæðu til að afgreiða frv. á þskj. 83 (66. mál), en leggur til, að frv. á þskj. 181 (78. mál) verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á öðru þingskjali.

Einn nefndarmanna (JS) gat sakir sjúkleika ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. marz 1954.

Ásgeir Bjarnason, form. Gísli Guðmundsson, frsm. Jón Pálmason.

Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.